

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Breyting á deiliskipulagi í Hálsabyggð fyrir frístundahús í landi Laufáss.*

Um er að ræða stækkun frá núverandi uppdrætti þannig að rými verður fyrir fleiri frístundahús.

*Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Borga.*

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreind skipulög.

Deiliskipulögin hafa fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulögin hafa verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind skipulög öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 6. nóvember 2003.*

**Sigurður Páll Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.